

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 179/2014

179-2015i

frá 25. september 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/25/ESB frá 9. október 2012 um tilhögun upplýsingaskipta sem varða skipti milli aðildarríkjanna á líffærum úr mönnum sem eru ætluð til ígræðslu ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 15zn (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/53/ESB) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„15zna. **32012 L 0025**: Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/25/ESB frá 9. október 2012 um tilhögun upplýsingaskipta sem varða skipti milli aðildarríkjanna á líffærum úr mönnum sem eru ætluð til ígræðslu (Stjtið. ESB L 275, 10.10.2012, bls. 27).

Ákvæði framkvæmdartilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Framkvæmdartilskipun þessi á ekki að taka til Liechtensteins, að 7. gr. frátalinni.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdartilskipunar 2012/25/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 275, 10.10.2012, bls. 27.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.